

Vistvænar byggingar á Íslandi

Umræðufundur um næstu skref

Menningarstefna í mannvirkjagerð - stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist var samþykkt af ríkisstjórn í apríl 2007. Í henni er birt stefna íslenskra stjórnvalda um hönnun og byggingu opinberra mannvirkja og þar segir m.a.: **“Sjálfbærni og vistvæn sjónarmið krefjast nýrra nálgana við skipulag, hönnun og framkvæmdir. Í þeim efnum á hið opinbera að vera í forystu og setja metnaðarfull markmið”**.

Þá samþykkti ríkisstjórnin í mars 2009 **stefnu um vistvæn innkaup**. Í stefnunni er sagt fyrir um hvernig samþætta eigi umhverfissjónarmið innkaupum hjá ríkinu. Þessi stefna tekur að sjálfsögðu til innkaupa er tengjast opinberum framkvæmdum, enda fara þar fram á vegum ríkisins umfangsmikil innkaup á vörum og þjónustu.

Til að ræða þessi mál er boðað til opins umræðufundar **þriðjudaginn 5. maí 2009, kl. 10:00 í húsi Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, Reykjavík**. Á fundinn mætir Sannie Verweij frá “Dutch Green Building Council” og mun hún annars vegar segja frá stofnun þeirra samtaka í Hollandi og hins vegar lýsa því hvernig þeir aðlöguðu BREEAM vottunarkerfið að aðstæðum í Hollandi.

Dagskrá

Green Building Council:

- | | |
|-------------|---|
| 10.00-10.15 | Setning fundar - Óskar Valdimarsson, FSR |
| 10.15-11.00 | Kynning á “Dutch Green Building Council”, tilurð hans og hvernig fjármögnun er hátað - Sannie Verweij, DGBC |
| 11.00-11.15 | Kaffihlé |
| 11.15-11.30 | Staðan á Íslandi í dag - Kristveig Sigurðardóttir, Almennu verkfræðistofunni |
| 11.30-12.00 | Umræður um “Green Building Council”, reynsla Hollendinga og möguleikar á að setja slíkt ráð á stofn á Íslandi. Stjórn umræðu: Óskar Valdimarsson, FSR |
| 12.00-13.30 | Hádegisverðarhlé |

Aðlögun BREEAM að íslenskum aðstæðum:

- | | |
|-------------|--|
| 13.30-14.30 | BREEAM NL – upplýsingar um aðlögunarferlið í Hollandi og helsta mismuninn á hollenska og breska kerfinu - Sannie Verweij, DGBC |
| 14.30-14.45 | Kaffihlé |
| 14.45-15.15 | Yfirlit yfir helstu atriði í BREEAM sem Ísland gerir athugasemdir við - Harpa Birgisdóttir, EFLA |
| 15.15-16.30 | Umræður um BREEAM NL og möguleika/áhuga á fara svipaða leið á Íslandi. Stjórn umræðu: Óskar Valdimarsson, FSR |

Vegna þátttöku Sannie Verweij fer fundurinn fram á ensku. Fundurinn er öllum opin og aðgangur er ókeypis.